Deiliskráning á Illugastöðum í Fnjóskadal

vegna fjölgunar orlofshúsa og uppbyggingar frístundasvæðis



Þóra Pétursdóttir

Fornleifastofnun Íslands ses

Reykjavík 2014

FS541-14011

Ljósmynd á forsíðu er af gamla kirkjugarðinum á Illugastöðum (SÞ-085:002), horft til austurs. Ljósmyndari er Þóra Pétursdóttir.

©2014

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BÁRUGÖTU 3

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

FAX: 551 1047

NETFANG: fsi@instarch.is

www.instarch.is

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR 5

2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF 8

3. AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU 10

4. FORNLEIFASKRÁ 12

5. FORNLEIFAR INNAN SKIPULAGSREITS Á ILLUGASTÖÐUM 23

HEIMILDASKRÁ 25


MINJAKORT DEILISKIPULAGSREITS Á ILLUGASTÖÐUM 26

HNIT Í LANDSHNITAKERFI (ISN93) 27

1. Inngangur

Í mars 2014 óskuðu eigendur og aðstandendur Illugastaða í Fnjóskadal eftir því að Fornleifastofnun Íslands ses. tæki að sér deiliskráningu fornleifa í tengslum við fyrirhugaða stækkun sumarhúsabyggðar og uppbyggingar frístundalands á jörðinni. Samið var um að úttektin færi fram sem fyrst og skýrsla yrði unnin strax í kjölfarið. Snjó leysti þó seint um vorið og nokkuð dróst því að vettvangsvinna gæti farið fram.

Illugastaðir hafa síðan 1966 verið í eigu Alþýðusambands Norðurlands og þar er þegar fjöldi sumarhúsa, í tveimur hverfum, auk sundlaugar, leikvalla og þjónustuhúss. Landslagi á jörðinni hefur verið umbylt umtalsvert í tengslum við þessa uppbyggingu. Nýtt deiliskipulag nær yfir svæði frá þjóðvegi að norðan, upp (vestur) í brekkurætur ofan gamalla túna, suður fyrir efri eða syðri sumarhúsaþyrpingu og austur að þjóðvegi. Skipulagið gerir ráð fyrir þriðja sumarhúsahverfinu, með 30 nýjum húsum, vestan við hið nyrðra af núverandi hverfum. Auk þess eru fyrirhuguð tvö raðhús, hvort um sig með fjórum smáíbúðum, austan við sundlaugina, og tjaldstæði með leikvelli og aðstöðuhúsi, norðan heimkeyrslu. Uppbygging á öllum þremur svæðum gerir einnig ráð fyrir lagningu vega og bílastæða.




Staðsetning Illugastaða í Fnjóskadal sýnd með gulum punkti. Íslandskort fengið af heimasíðu landmælinga Íslands.

Þóra Pétursdóttir skráði fornleifar innan deiliskipulagsreits í júní 2014 og sá hún einnig um úrvinnslu og skýrslugerð en Elín Ósk Hreiðarsdóttir sá um kortagerð vegna verkefnisins. Í tengslum við vettvangsathugun var rætt ítarlega við Hákon Hákonarson, sem ólst upp á

Illugastöðum, og Jón Þóri Óskarsson og Hlíf Guðmundsdóttur staðarhaldara á Illugastöðum síðan 1974. Eru þeim færðar bestu þakkir fyrir góða hjálp.

Skýrsla þessi er byggð upp líkt og aðrar deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar Íslands. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd og í þeim þriðja er farið yfir þær aðferðir sem notaðar voru við skráninguna. Fjórði kafli er svo sjálf skráningin en í þeim fimmta er samantekt þar sem farið er yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er svo að finna kort og hnitaskrá í landshnitakerfi (ISN93 vörpun).

Á loftmynd á næstu síðu má sjá fyrirhugaða uppbyggingu á Illugastöðum. Núverandi sumarhúsabyggð er táknuð með bláum lit en ný hús með rauðum. Nýjir eða bættir vegir eru táknaðir með gulu (Heimild: Form Ráðgjöf, Kaupangi, Akureyri).



ILLUGASTAÐIR FNJÓSKADAL ÞINGEYJARSVEIT

verk: teiknað: ÁH kvarði: 1:2000

efni: UMRÆÐUTILLAGA VEGNA DEILISKIPULAGS.

dags: 16.04.2014 a: 06.05.2014 b: 23.05.2014 c: 02.06.2014 blað: 2

form

ÁGÚST HAFSTEINSSON kt. 220361-4979 arkitekt FAÍ

FORM RÁÐGJÖF KT: 611206-0460 KAUPANGI V. MÝRARVEG 600 AKUREYRI SÍMI 462 6099 NETFANG: FORM@NETT.IS

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein þjóðminjalaga (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.
Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í júní 2014 fór fram fornleifaskráning á deiliskipulagsreit á Illugastöðum í Fnjóskadal vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar sumarhúsa og frístundasvæðis. Fornleifaskráningin miðaðist við ítarlega úttekt á deiliskipulagsreit sem nær yfir svæði frá þjóðvegi að norðan, vestur að brekkurótum ofan gamalla túna, suður fyrir efri eða syðri sumarhúsaþyrpingu og austur að þjóðvegi. Við skráninguna voru loftmyndir kannaðar og svæðið síðan gengið þannig að góð yfirsýn fengist yfir það. Við deiliskráningu fornleifa eru minjar ýmist metnar "í hættu", "í stórhættu" eða "ekki í hættu" vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Notast var við þá vinnureglu að skilgreina allar fundnar minjar innan deiliskipulagsreitsins „í hættu vegna framkvæmda" þó að ljóst sé að langflestum minjanna megi vel hlífa við skemmdum með aðgát og/eða réttum aðgerðum. Aðeins ein fornleif lendir beinlínis undir fyrirhuguðum mannvirkjum, og er því í stórhættu vegna framkvæmdanna, en nokkrar eru innan við 50 m frá framkvæmdasvæðum. Rétt er að geta þess að í hættumati er ekki fólgið neins konar mat á gildi minjastaða.

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í *Jarðatali Johnsens* frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SÞ-085:001). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hverrar jarðar.


Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er oftast ekki meira en 5 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um..." t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu

að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni. Í kaflanum hér á eftir fylgir öll fornleifaskrá jarðarinnar Illugastaða, en þeir staðir sem ekki eru innan deiliskipulagsreitsins sem tekinn var út, og koma því ekki við sögu í skýrslunni, eru einkenndir með ljósgráum lit (þ.e. SÞ-085:016 til SÞ-085:021).



Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað

4. Fornleifaskrá

SÞ-085 Illugastaðir

1712: 30 hdr. Kirkjustaður. Eigandinn Sr. Magnús Markússon að Grenjaðarstöðum eignaðist hana í álag nefnds staðar síðan um bóluna. Að fornu var jörðin í eigu Munkaþverárklausturs (1461, DI V, 303).

13.5.1493: "Jón ábóti á Munkaþverá krefr af Stígi Einarssyni alla þá peninga, sem hann hefir í burtu haft frá klaustrinu eptir Einar heitinn ábóta Ísleifsson, og lýsir Illugastaði í Fnjóskadal æfinlega eign klaustursins" (DI VIII, 177).

4.10.1497: "Dómr klerka útnefndr af Jóni presti Þorvaldssyni og Guðmundi Jónssyni officialibus Hólabiskupsdæmis, að Einar ábóti á Munkaþverá og klaustrið skuli hafa og halda jörðina Illugastaði í Fnjóskadal þar til réttr Hólabiskup gerir þar lagaskipan á" (DI VIII, 371).

18.5.1507: "Elín Magnúsdóttir, Einar Sigurðsson og Jón Sigurðsson fá Einari ábóta og klaustrinu á Munkaþverá til fullrar eignar þann part í jörðinni Illugastöðum, er þau hefði mátt hljóta að erfð eftir Stíg Einarsson, en ábóti kvittar Stíg um alt það, er hann hefði mátt vera klaustrinu skyldugr" (DI VII, 148).

"Jarðarinnar getur oft í fornum skjölum. Þar mun hafa verið kirkjustaður í fornöld, og löngum hafa búið þar ríkir bændur. Um aldamótin 1600 býr á Illugastöðum Sveinn ríki, og ganga af honum miklar sagnir. Sagt er að Sveinn hafi átt 500 sauði, er flest var, auk annars fjár. Talinn var hann forspár, því hann seldi alla sauði sína haust eitt fyrir fellisvetur. Hann deildi mjög kappi við ríkismann eyfirskan, og öttu þeir hestum sínum á Bleiksmýrardal. Það var síðasta hestavígi á Íslandi ... Sagt er að Sveinn eigi þar enn fólgið fé í jörðu. Um aldamótin 1700 býr þar Sigurður Guðmundsson, fjörgamall, fæddur 1625 ... Árið 1735 kemur að Illugastöðum Þórður Magnússon hinn ríki frá Yztafelli og býr þar fram yfir 1750 og deyr þar áttræður...Sagt er Þórður hafi tekið jörðina upp í skuld. Árið 1818 tekur Kristján Jónsson, þá bóndi á Þórðarstöðum, Illugastaði upp í matarskuld af Jóni, syni Þórðar ríka ... Jón hraktist þá í Kotungsstaði" (LÞ I, 145). Kotungsstaðir [SÞ-086] eru hjáleiga frá Illugastöðum (JÁM XI, 83-84). Selland [SÞ-087] er fremur nýlegt býli, milli Reykja og Illugastaða, en allfornt selland frá Illugastöðum, þá nefnt Illugastaðasel. Árið 1966 keypti Alþýðusamband Norðurlands jörðina og er búið að byggja talsvert af orlofshúsum þar (BBSÞ, 133-4).

1918: Tún 6,5 ha. þar af sléttað um 1/2. "Útigángur góður meðan niðri nær, en svipull fyrir fannlögum ... Túninu grandar vatnsuppgángur til stórskaða. sem jetur úr rótina og hefur gjört mýri rótlitla, að víðáttu hjer um vikuverk. Bæjarlækurinn fordjarfar og völlinn með grjóts og sands áburði, þó hefur það hingað til mestan part með stórerfiði verið afræktað. Enginu spilla og skriður úr fjallinu skaðlega sem á eykst meir og meir. Úthagar eru víðlendir og búgóðir ... Vatnsból bregst stundum á vetur, og er þá brynníngar örðugar utan túns" (JÁM XI, 83-84). "Fyrr á öldum hefur verið þar landrými mikið. Er talið, að landamerki jarðarinnar hafi takmarkazt af Grjótá að norðan, en Reykjaá að sunnan. Vegalengdin milli ánna er ca. 7 km. Síðar hafa tvær fremur litlar jarðir verið byggðar upp úr landi Illugastaða, Selland [SÞ-087] að sunnan, en Kotungsstaðir [SÞ-086] að norðan. Illugastaðir eru að vestanmegin (svo) í dalnum ("Ö-Illugastaðir, 1). "Illugastaðir eru mikil jörð að landkostum. Fer saman engi mikið og gott, víðlendi og landkjarni. Jörðin og bæjarstæðið hefur mikilúðlegan svip. Þar býr tign í tindum og fegurð í fjalladölum, en eigi eru línur fjalla svo mjúkar sem víðast um

Þingeyjarþing og svipar meir til fjallanna vestar á Norðurlandi" (LÞ I, 145). "Ofan við tún eru brattir malarhólar og upp frá þeim rís fjallið, hátt og bratt. Er þar beitiland gott. Mikið landrými er á Illugastöðum. Jörðin var talin ágæt bújörð" (BBSÞ, 134).

SÞ-085:001 *Illugastaðir* bæjarhóll bústaður 65°37.219N 17°49.250V

"Gamli bærinn stóð á lágum hjalla við fjallsrætur", segir í *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*. Enn má sjá bæjarhól. Hann er um 400 m ofar (vestar) en núverandi bæjarstæði, vestan við núverandi sumarbústaðahverfi, og norðaustan við bæjarlækinn.



Bæjarhóll á Illugastöðum, horft í norðvestur

Ávalur gróinn hryggur eða hóll, í þéttu birki- og reynirjóðri norðan við kirkjugarð (002). Smáþýfður völlur er umhverfis hólinn, en austan og sunnan við hólinn er völlurinn verulega blautur (sérstaklega á vorin og snemma sumars), þannig að pollar myndast í dældum. Vegslóði liggur í austur-vestur fast norðan hólsins, frá sumarhúsabyggð og upp (vestur) fyrir bæjarlækinn."Hætt er við að vatn gangi upp í bænum og kirkjunni, einkanlega á vorin, og hefur mönnum að því mein orðið", segir í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*. Bæjarhóllinn er greinilegur í rjóðrinu, en ekki sér móta fyrir tóftum þótt sumstaðar sé töluvert þýfi. Hóllinn er um 25x35 m að utanmáli og teygir sig norðvestur-suðaustur. Hann er allt að 1,5 m á hæð. Að sögn Jóns Þóris Óskarssonar, staðarhaldara, var komið niður á ösku og rusl (sjá 009) í suðausturenda hólsins við plægingu á 9. áratug 20. aldar. Síðasta íbúðarhúsið á Illugastöðum (001B) stóð þó ekki á þessum stað, heldur ögn vestar (ofar), norðan við bæjarlækinn. Þar er nú þýfð og gróin flöt. Húsið sem þar stóð var reist 1933 og var, samkvæmt Hákoni Hákonarsyni, sem þar ólst upp, asbestklætt timburhús, tvílyft, á steyptum grunni með niðurgröfnum kjallara. I kringjum 1970 stóð til að flytja húsið af grunninum og í Fjósatungu. Aðgerðin mislukkaðist hins vegar, þannig að burðarbitar gáfu sig undan húsinu og það eyðilagðist. Var það þá rifið.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1918; BBSÞ, 134; JÁM XI, 84

SÞ-085:002 *Illugastaðakirkja* tóft+garðlag kirkja 65°37.199N 17°49.209V

"Kirkjan stendur á svokölluðum Pétursvelli, sunnan og neðan við þar sem gömlu bæjarhúsin á Illugastöðum stóðu, en nær fjallinu en núverandi íbúðarhús stendur", segir í *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*. "Syðsti hluti vallarins heitir Pétursvöllur. Er hann fráskilinn frá aðalvellinum ... Á Pétursvelli stendur kirkjan nú, - var áður sunnan gamla bæjarins á Uppvellinum", segir í örnefnaskrá. Gamli kirkjugarðurinn og kirkjan eru um 30 m sunnan við bæjarhól 001, um 400 m ofan (vestan) núverandi bæjarstæðis. Ofan (vestan) nyrðra sumarbústaðahverfis. Á smáþýfðum velli (Uppvelli), sem á vorin og snemma sumars verður verulega blautur, þannig að pollar myndast í lægðum. Umhverfis völlinn er skógarlundur, gróinn birki og reyniviði, og rennur bæjarlækurinn um hann, vestan og sunnan við völlinn.

ILLUGASTAÐIR Í FNJÓSKADAL (SÞ) Nikulási (HÁLSANNEXÍA)

1318: XXII. Jllugastada kyrckia.

Kyrckia ä Jllugastodum ä. iiij. kyr. iij. asaudar kugilldi.


Þetta j skruda. þrenn messuklædi ad aullu. alltarisklædi. yfersloppar. ij. kantara kapu. lijka abreydsli.
Tiolld vm alla kyrkiu. kluckur. iiij. krossar. iij. mariu skript. skrijn medur helgum domum. þionustu kier
af sylfre. jarnstykur. iiij. messingarstykur. ij. vatnsketill. Glodarkier. Elldbere. munlaug. mercki. j.
kyrckiu sär. kista.
Þetta j bokum. messubok per Anni circulum. Texti. Legendu Bækur per anni circulum. Hymnarium.
Sequentionarium. oc ein vond bok.
Þar er tueggia presta skylld. taka þeir heima j leygu. iiij. merkur vtan gardz half sietta morck af. ix.
Bæium heýtollur oc lýsistollur.
Nicholäs lijkneski. kross nyann. Brijk god. nichuläs lijkneski. Capitularium. Graduale oc þo ey fullt.
jolabok. ix hundrud j flytianda Eyre. Ross *iij. summa xviij [m. yngri h]; (Máld DI II, 440)
1394: [á kvikfé]
Hier med reyknadi syra Loptur j portionem kyrkiunnar vm þau. xij. sem hann hafdi ätt. ix. hundrud og
halffmork. halft huort kugilldi og flytianda Eyre.
þar er tueggia presta skylld. taka þeir heima fiorar merkur. vtann gards halfua siottu mork.
liggur þar vnder heytollur og lysistollur af. ix. Bæium.
Tijund tali anno. xij. aurar; (Máld DI III, 590)
8.12.1403: Testamenti séra Halldórs Loptssonar: gefur kirkjunni kúgildi; (DI III, 685)
1429: ij prestar; (DI IV 380)
1461: (Máld DI V, 301-302)
[1461]: 2 prestar (DI V, 359)
10.8.1496: Jörðin Fjósatunga er í Illugastaðakirkjusókn og er þar hálfkirkjuskyld (DI VII, 306-307).
12.9.1565: Máld (DI XIV, 419)
1712 "Hætt er við að vatn gangi upp í bænum og kirkjunni, einkanlega á vorin, og hefur mönnum að því
mein orðið" (JÁM XI).
1860-61: Núverandi kirkja reist. Timburkirkja 5,8x8,5 m, segir í *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga*.



Kirkjugarður 002, horft í austur. Greinilega má sjá innganginn í garðinn fyrir miðri mynd

Gamli kirkjugarðurinn er vel greinanlegur, ekki síst vegna þess að í hann hefur verið plantað trjám sem mynda fullkomlega hringlaga lund hávaxinna trjáa á miðjum Uppvellinum. Að sögn staðarhaldara, Jóns Þóris Óskarssonar og Hlífar Guðmundsdóttur, var þetta gert um 1960 af fyrrverandi ábúanda á Reykjum (Gunnari Jónatanssyni) sem óttaðist að það félli í gleymsku hvar gamli garðurinn hefði verið. Garðurinn er hringlaga, og er svæðið innan hans um 20 m að þvermáli. Hleðslur eru signar út en greinilegar, allt að 0,5 m á hæð.

Ekki er sýnilegt grjót í hleðslunni, en víða hart undir sverðinum. Op er á garði til vesturs. Greinileg hækkun er í miðjum garðinum, þótt ekki sé um greinilega tóft að ræða. Hækkunin er um 6x10 m að utanmáli, og 0,7 m á hæð. Teygir sig austur-vestur. Ef staðið er á hólnum í garðinum miðjum er greinilegt að trén innan garðsins eru afar regluleg og mynda þrjá "hringi" umhverfis hólinn í miðju. Í ysta hring, fast innan garðlagsins, eru birkitré, í næst hring er svo reyniviður, og í innsta hring er plantað greni. Þessi innsti hringur skilur svo eftir opið svæði í miðju sem fylgir útlínum hólsins, um 4x8 m að stærð og teygir sig austur-vestur. Við austurenda þessa svæðis stendur eina öspin í garðinum, og trónir yfir honum öllum. Rætur trjánna hafa hreyft mikið við jarðvegi innan garðsins. Mjög blautt er innan garðsins, og í honum vestanverðum liggur vatn á yfirborði og myndar polla í dældum.



Hættumat: hætta vegna trjáræktar

Heimildir: DI II, 440; DI III, 590, 685; DI IV 380; DI V, 301-302, 359; DI VII, 306-307; DI XIV, 419; JÁM XI, 84; BBSÞ, 153; Ö-Illugastaðir, 2

SÞ-085:003 *Illugastaðakirkja* hús kirkja 65°37.147N 17°49.085V

"Kirkjan stendur á svokölluðum Pétursvelli, sunnan og neðan við þar sem gömlu bæjarhúsin á Illugastöðum stóðu, en nær fjallinu en núverandi íbúðarhús stendur," segir í *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*. "Syðsti hluti vallarins heitir Pétursvöllur. Er hann fráskilinn frá aðalvellinum ... Á Pétursvelli stendur kirkjan nú, - var áður sunnan gamla bæjarins á Uppvellinum," segir í örnefnaskrá. Kirkjan er merkt á túnakort 1918. Núverandi kirkja stendur um 200 m suðaustur af bæjarhól 001. Umhverfis kirkju og kirkjugarð er sléttaður grasvöllur til norðurs, vesturs og austurs. Sunnan við kirkjuna er malarplan og bílastæði fyrir kirkju og sumarbústaði. "1860-61: Núverandi kirkja reist. Timburkirkja 5,8x8,5 m," segir í *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga*. Kirkjan stendur. Garður umhverfis hana er 40x22 m að innanmáli. Hann hefur ekki verið sléttaður.




Kirkjugarður 003, horft í austur

Utanmál kirkju er um 10x6 m, og forkirkju um 2x3,5 m.

Hættumat: hætta vegna framvkæmda

Heimildir: Túnakort 1918; BBSÞ, 153; Ö-Illugastaðir, 2

SÞ-085:004 tóft+garðlag útihús 65°37.194N 17°49.312V



Á túnakorti frá 1918 er merkt útihús um 20 m vestan við bæjarhús. Tóft er fast sunnan bæjarlækjarins, um 30 m vestan bæjarhóls 001. Í brekkurótum sunnan lækjar. Brekkan ofan við er gróin birki. Tóftin er grafin inn í brekkuna að vestanverðu en veggir upphlaðnir að austanverðu. Hún er opin til suðurs. Tóftin er um 3x8 m að innanmáli, og teygir sig norður-suður. Hleðsluhæð í austurhluta er um 1 m að innanverðu en 1,5 m að utanverðu. Hleðslur standa grónar. Ekkert grjót er sýnilegt. Garðbrot liggur úr suðausturhorni tóftar til suðurs, um 35 m, og rofnar þá af vegslóða sem liggur þar norður-suður. Garðbrotið er torfhlaðið, en hleðslur eru signar. Hleðsluhæð er mest um 0,5 m. Má vera að þetta sé hluti gamla túngarðsins 023. Fast sunnan við tóftina var, samkvæmt heimildamanni Hákoni Hákonarsyni, reistur reykkofi um miðja 20. öld og má sjá á gróðri og þúfum hvar hann stóð.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1918

SÞ-085:005 *Ærhús* þúst fjárhús 65°37.262N 17°49.062V



Þúst 005, horft í suður

"Austan við túnið norðan gilsins er hryggur, sem ber hærra en túnið. Þar stóðu tvenn samstæð fjárhús með nokkru millibili. Hétu syðri húsin Ærhús, en þau nyrðri Hornhús [006]," segir í örnefnaskrá. Ærhúsin eru merkt á túnakorti frá 1918, og sér móta fyrir því hvar þau stóðu um 300 m austur af bæjarhól 001, og um 100 m sunnan Hornhúsa 006. Húsin stóðu syðst á sléttuðum stalli ofan við þjónustuhús Illugastaða, fast sunnan við sumarhús nr. 21. Þau voru á grasi grónum sléttum stalli, eða ási, sem nyrðri sumarhúsaþyrping stendur á. Greinilega má sjá dæld í sléttum vellinum þar sem húsið stóð, og markar fyrir útlínum þess. Dældin er um 8x6 m að stærð og snýr norður-suður. Í henni má sjá talsvert af grjóti sem gægist upp úr sverðinum.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Illugastaðir, 2;Túnakort 1918

SÞ-085:006 *Hornhús* heimild fjárhús 65°37.321N 17°49.013V

"Austan við túnið norðan gilsins er hryggur, sem ber hærra en túnið. Þar stóðu tvenn

samstæð fjárhús með nokkru millibili. Hétu syðri húsin Ærhús [005], en þau nyrðri Hornhús," segir í örnefnaskrá. Húsin eru merkt á túnakort frá 1918, og eru Hornhús um 100 m norðan Ærhúsa 005, um 300 m norðaustur af bæjarhól 001. Húsin voru þar sem nú er sléttaður stallur ofan núverandi vélaskemmu, fast norðaustan við sumarhús nr. 24. Ekki sést til fornleifar, en nokkur óslétta er þarna á annars sléttri flöt og nokkurt grjót í sverði.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Illugastaðir, 2

SÞ-085:007 þúst hesthús 65°37.224N 17°49.357V


"Ofan gamla bæjarins [001B] og heimreiðar hét Uppvöllur. Efst á þeim velli var hesthús", segir í örnefnaskrá. Gróinn hóll er í brekkurótum um 100 m norðvestan við bæjarhól 001. Fast vestan (ofan) við flötina þar sem síðasta bæjarhúsið stóð 001B (reist 1933). Gróinn hóll í þýfðri og birkigróinni brekku norðan bæjarlækjar. Hóllinn er um 13x10 m að utanmáli og 3 m á hæð. Hann er kafgróinn og þýfður, en ekki sér móta fyrir útlínum tófta. Samkvæmt Hákoni Hákonarsyni heimildamanni voru þarna útihús úr torfi og grjóti þegar íbúðarhús var reist 1933. Um það leyti voru gerð þarna ný útihús, hesthús og fjárhús, úr timbri. Þau vor rifin fljótlega eftir 1960.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Illugastaðir, 1

SÞ-085:008 *Stromphús* tóft fjárhús 65°37.286N 17°49.432V

"Austari hluti túnsins náði lengra norður en Uppvöllurinn [þar sem hesthúsið 007, stóð]. Þar var löng og mjó, slétt ræma, nyrzt og vestast, sem nefndist Beinrófa. Austur af Beinrófu var stór, þýfður partur. Vestast í honum stóð eitt fjárhús, er líklega hefur heitið Stromphús," segir í örnefnaskrá. Tóft er í brekkurótum vestan sléttaðra túna, fast við túngarðinn 023. Um 250 m norðnorðvestur af bæjarhól 001. Hún er neðst í þýfðri brekku, milli tveggja trjálunda. Landinu hallar til austurs, niður á ræst og sléttuð tún. Milli brekkunnar og túnanna er djúpur skurður sem snýr norður-suður. Tóftin er sigin og gróin. Hún er torfhlaðin, en að hluta grafin inn í brekkuna að vestanverðu. Tóftin er um 11x6 m að utanmáli og snýr austur-vestur. Op er á austurhlið. Tóftin skiptist í tvö hólf og er op á milli þeirra. Hið innra (vestara) er hringlaga, um 3,5x3 m að innanmáli, en hið eystra um 3,5x1,5 m að innanmáli. Hleðslur eru allt að 1,5 m á hæð, hæstar í vesturhluta þar sem tóftin er mest niðurgrafin, en um 0,5 í austurhluta.



Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Illugastaðir, 1

SÞ-085:009 frásögn öskuhaugur 65°37.219N 17°49.230V


"Gamli bærinn stóð á lágum hjalla við fjallsrætur," segir í *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga*. Enn má sjá bæjarhól 001. Hann er talsvert ofar (vestar) en núverandi bæjarstæði, vestan við

nyrðra sumarbústaðahverfi, og norðaustan við bæjarlækinn. Ávalur gróinn hryggur eða hóll, í þéttu birki- og reynirjóðri norðan við kirkjugarð 002. Smáþýfður grasvöllur er umhverfis hólinn, en austan og sunnan við hólinn er völlurinn verulega blautur (sérstaklega á vorin og snemma sumars), þannig að pollar myndast í dældum. Vegslóði liggur í austur-vestur fast norðan hólsins, frá sumarhúsabyggð og upp (vestur) fyrir bæjarlækinn. Samkvæmt Jóni Þóri Óskarssyni staðarhaldara kom hann niður á ösku og rusl við plægingu nærri bæjarhólnum á 9. áratug 20. aldar. Telur hann það helst hafa verið suðaustan í hólnum.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: BBSÞ, 134

SÞ-085:010 tóft+garðlag óþekkt 65°37.194N 17°49.259V



Tóft og áfast garðlag er fast vestan kirkjugarðs 002, um 50 m sunnan við bæjarhól 001. Tóftin er í rjóðri vestan grasvallarins sem kirkjugarður er á. Í rjóðri, grónu birki og reyniviði. Bæjarlækurinn rennur í sveig fast sunnan og vestan við rjóðrið. Garðlagið er sigið en greinilegt, um 10 m langt og liggur í sveig í austur-vestur. Það er mest um 0,5 m á hæð. Ekkert grjót er sýnilegt í hleðslunni. Í vesturenda þess virðist vera tóftarbrot um 4x4 m að utanmáli. Lag tóftar er ekki greinanlegt, en þýfður hóllinn er um 1 m á hæð. Mikill og þéttur trjágróður er umhverfis brotið og má vera að um rótarhnyðjur sé að ræða. Hugsanlegt er að garðlagið hafi þjónað sem varnargarður, en bæjarlækurinn rennur fast vestan og sunnan þess. Hann getur orðið mikill í vexti, en auk þess er mikill vatnsuppgangur á vellinum umhverfis bæjarhól 001 og kirkjugarð 002, eins og einnig kemur fram í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: JÁM XI, 84

SÞ-085:011 *Pétursshús* heimild fjárhús 65°37.182N 17°49.075V

"Austast á Pétursvelli, norður við gilið, stóð fjárhús - sennilega heitið Pétursshús", segir í örnefnaskrá. Á túnakorti frá 1918 er merkt útihús á Pétursvelli um 50 m norðan við núverandi kirkjugarð 003 og er það vafalítið umrædd fjárhús. Þau hafa staðið um 200 m suðaustur af bæjarhól 001. Sléttaður grasvöllur, umkringdur trjágróðri. Bæjarlækurinn rennur til austurs í grunnum skorningi fast norðan vallarins. Ekki sést til fornleifar. Hnit tekið um 50 m norðan kirkjugarðs, þar sem er örlítil þúfnamyndun í grasvellinum.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Illugastaðir, 2; Túnakort 1918


SÞ-085:012 *Kvíaból* heimild kvíar 65°37.111N 17°49.124V

"Sunnan við túnið voru kvíar. Þar heitir Kvíaból. Suður frá Kvíabólinu er mjór stallur. Brekkan framan við hann heitir Smjörbrekka," segir í örnefnaskrá. Kvíaból er norðan við syðra sumarhúsahverfið, um 200 m sunnan við bæjarhól 001, suðvestan núverandi kirkju 003. Sléttur völlur, mótaður í stalla. Gróinn grasi, en umlukinn trjágróðri. Ekki sést til fornleifa.

Heimildamönnum, Hákoni Hákonarsyni, Jóni Þóri Óskarssyni og Hlín Guðmundsdóttur, er ekki kunnugt um hvar á Kvíabólinu kvíar hafi verið.
Hættumat: hætta vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Illugastaðir, 2

SÞ-085:013 *Guðmundarbrunnur* lind 65°37.123N 17°48.998V
"Nyrzt í þeirri brekku [Smjörbrekku, sjá 012] er lind, sem heitir Guðmundarbrunnur," segir í örnefnaskrá. Smjörbrekka heitir brekkan neðan (austan) syðri sumarhúsaþyrpingarinnar. Brekkan er snarbrött og hallar til austurs niður á sléttlendi sem nær austur að veginum og Fnjóská. Lindin er fast undir brekkunni, um 350 m suðaustan við bæjarhól 001. Í grónu kjarri við brekkurætur. Lindin er náttúruleg, og ekki að sjá nokkur mannaverk á henni. Svæðið umhverfis hana er all blautt, en lindin sjálf er um 6x6 m að stærð. Mjög mikill kjarrgróður er þó umhverfis hana og erfitt að átta sig á útlínum lindarinnar. Samkvæmt Hákoni Hákonarsyni heimildamanni eru þarna kaldavermsl og mun vatn aldrei frjósa í lindinni.
Hættumat: hætta vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Illugastaðir, 2

SÞ-085:014 *Skriðhús* tóft fjárhús 65°37.193N 17°49.359V
"Rétt norðan Uppvallarins [ofan gamla bæjar og heimreiðar, þar sem hesthúsið 007 var], efst, var fjárhús, sem hét Skriðhús," segir í örnefnaskrá. Tóft er í brekku fast sunnan bæjarlækjarins, um 150 m vestan (ofan) bæjarhóls [001]. Við tóftina liggur vegslóði yfir lækinn. Á stalli í þýfðri brekku sunnan lækjar. Tóftin er 5,5x4 m að utanmáli, snýr austur-vestur, með op á austurhlið. Hleðslur eru signar, allt að 0,7 m á hæð. Ekkert grjót er sýnilegt. Tóftin er tveggja hólfa og op á milli hólfanna. Innra eða vestara hóflið er um 1,5x2 m að innanmáli en það eystra um 2x2,5 m að innanmáli.



Hættumat: hætta vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Illugastaðir, 2

SÞ-085:015 *Grafarmýri* heimild mógrafir
"Norður frá túninu er mýrlendi, sem heitir Sveigur. Takmarkast það að norðan af sveigmyndaðri melrönd. Skammt þar norðar heitir Merkjagrund. Nú smálækkar landið til austurs. Austur af Merkjagrund heitir Grafarmýri. Þar sjást merki um mótekju", segir í örnefnaskrá. "Torfrista og stúnga í harðvelli lök, grýtt og sendin" (JÁM XI).
Hættumat: Engin hætta
Heimildir: Ö-Illugastaðir, 3; JÁM XI, 83

SÞ-085:016 *Selárvað* heimild vað
"Sunnarlega skerast grundir þessar [grundirnar eru harðvellisgrundir suðaustur frá hjalla

þeim er bærinn og túnið stendur á] sundur af læk, sem heitir Selá og fellur austur í Fnjóská. Þar heitir Selárvað austur yfir Fnjóskána", segir í örnefnaskrá.

Hættumat: Engin hætta
Heimildir: Ö-Illugastaðir, 3

SÞ-085:017 *Illugahóll* örnefni legstaður

"Sunnan [Bæjar]gilsins er allmikið lægri melkambur, sem nefnist Hryggur. Tekur þá við hár hóll, Illugahóll", segir í örnefnaskrá."Þar kvað Illugi sá, sem staðurinn er heitinn eftir, hvíla, enda þaðan útsýni gott", segir í örnefnaskrá.

Hættumat: Engin hætta
Heimildir: Ö-Illugastaðir, 4

SÞ-085:018 *Geithóll* örnefni geitakofi

"Sunnan Selgils er Strýtulagaður hóll, Geithóll", segir í örnefnaskrá.

Hættumat: Engin hætta
Heimildir: Ö-Illugastaðir, 4

SÞ-085:019 heimild beitarhús

"Sunnan Selgils [021] er Strýtulagaður hóll, Geithóll [018]. Vestan við hann stóðu beitarhús", segir í örnefnaskrá.

Hættumat: Engin hætta
Heimildir: Ö-Illugastaðir, 4

SÞ-085:020 *Selgil* örnefni sel

"Sunnan við [Illuga]hólinn er Illugagil. Þar næst allstór hóll, Hríshóll ... Lækkar þá landið mikið suður að Selgili. Heitir landræma sú Oddgeirstangi", segir í örnefnaskrá.

Hættumat: Engin hætta
Heimildir: Ö-Illugastaðir, 4

SÞ-085:021 *Kofalaut* örnefni

"Landið frá Illugastaðaklifi suður á Sellandsársbarð heitir Ásar ... Dokkin sem er sunnan við klifið og nær upp undir Illugastaðahraun, heitir Kofalaut", segir í örnefnaskrá.


Hættumat: Engin hætta
Heimildir: Ö-Illugastaðir J.D.,1

SÞ-085:022 tóft+garðlag rétt 65°37.203N 17°49.368V

Greinileg tóft er fast norðan bæjarlækjarins, um 150 m vestan bæjarhóls 001. Vegslóði liggur austur-vestur fast norðan tóftarinnar og þverar lækinn ofar (vestar) í brekkunni. Samkvæmt Hákoni Hákonarsyni heimildamanni var tóftin notuð sem rétt, meðal annars við rúningu.



Rétt 022, horft í suður



Tóftin er á gróinni, smáþýfðri flöt norðan lækjar. Tóftin er 6x10 m að utanmáli, snýr norður-suður og er opin til norðurs. Hleðslur standa grónar, allt að 1,2 m á hæð, úr torfi og grjóti. Fjögur umför grjóts greinanleg. Lágt, sigið garðlag gengur úr SA-horni tóftar til suðurs, fram á lækjarbrún. Það er um 0,3 m á hæð og 6 m á lengd. Um 5 m austan tóftarinnar er bjúglaga dæld í landslagið, sem virðist manngerð. Hún er grafin inn í brekkuna við lækinn að sunnanverðu og myndar einskonar aðhald. Um 14x7 m að stærð og teygir sig austur-vestur. Mögulegt er einnig að þarna hafi verið kálgarðar (?) en rabbarbari vex í litlu magni á milli dældarinnar og tóftarinnar. Svæðið allt er um 25x15 m.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

SÞ-085:023 garðlag túngarður 65°37.276N 17°49.419V

Túngarðurinn um gamla heimatúnið er enn uppistandandi á kafla, í brekkurótum norðvestan bæjarhóls 001. Garðurinn liggur í norður-suður neðst í brekku vestan og norðan sléttaðra túna. Brekkan er þýfð, gróin víði og birki. Garðurinn er greinilegur á um 280 m kafla. Hann liggur í norður frá útihúsi 007, um 230 m en sveigir þá til austurs um 50 m, en hverfur þá. Þarna hefur verið grafinn framræsluskurður og garðurinn líklegast eyðilagst af þeim sökum.



Túngarður 023, horft í norður

Garðurinn er torfhlaðinn og stæðilegur, en þó hlaupinn í þúfur og siginn á köflum. Í þeim hluta sem liggur norður-suður er hann að hluta grafinn inn í brekkuna og nær þar mest um 2 m hæð. Annars er hann mest um 1 m á hæð. Breidd hleðslu er um 1,5 til 2 m. Um 35 m túngarðsbrot er einnig áfast útihúsatóft 004, og má vera að það sé hluti gamla túngarðsins. Garðbrotið liggur úr suðausturhorni tóftar til suðurs, um 35 m, og rofnar þá af vegslóða sem liggur þar í norður-suður.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1918

SÞ-085:024 áletrun óþekkt 65°37.395N 17°49.197V

Áletrun er á sandsteini í lynggróinni brekku norðan sléttaðra túna, um 350 m norðan bæjarhóls 001. Brekkunni hallar til norðurs, frá sléttuðum túnum niður á sléttan völl.

Sandsteinsklettur er ofarlega í brekkunni. Á honum miðjum má sjá "A" klappað í steininn, um 10 cm á hæð. Þessi bókstafur er mjög greinilegur, en framan hans má greina óljósar útlínur annars bókstafs, e.t.v. "Y" eða "K". Tilurð áletrunarinnar er óþekkt.



Áletrun 024, "A"

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

SÞ-085:025 gryfja kolagröf 65°37.385N 17°49.222V



Kolagröf 025, horft í vestur

Kolagröf er á stalli í brekku fast norðan sléttaðra túna, um 350 m norðan bæjarhóls 001. Í lynggróinni og þýfðri brekku, eða melrana, sem hallar til norðurs frá sléttuðum túnum niður á sléttan völl. Kolagröfin er greinileg, hringlaga og niðurgrafin á stalli í brekkunni. Hún er um 2x2 m að innanmáli og um 0,5 m djúp.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

5. Fornleifar innan skipulagsreits á Illugastöðum

Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar í landi Illugastaða var unnin í júní 2014. Skilyrði til vettvangskönnunar voru góð og talið að fullnægjandi yfirsýn hafi fengist um svæðið. Hér verður fjallað um helstu niðurstöður skráningar og fjallað um hvert framkvæmdasvæðanna þriggja innan deiliskipulagsreitsins fyrir sig. Samtals voru skráðar 18 fornleifar innan reitsins, en allar nema ein voru þær utan þess svæðis sem samkvæmt skipulagi er ætlað undir orlofshús, tjaldsvæði, vegi, eða önnur mannvirki. Allar fornleifar innan reitsins eru engu síður taldar í hættu vegna mögulegra framkvæmda í framtíðinni. Það er hins vegar rétt að taka fram að þrátt fyrir að fornleif teljist í hættu er ekki þar með sagt að rask á henni sé óhjákvæmilegt, aðeins að hún sé inni á áhrifasvæði framkvæmda þar sem mikils rasks er að vænta. Hér á eftir fylgir umfjöllun um dreifingu fornleifa á fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum.

Sem fyrr segir nær deiliskipulagsreitur frá þjóðvegi í norðri, vestur í brekkurætur ofan túna, þaðan suður fyrir syðra sumarhúsahverfi og þá austur á þjóðveg. Innan reitsins eru framkvæmdir fyrirhugaðar á þremur stöðum: A) hverfi 30 sumarhúsa vestan við hið nyrðra af núverandi hverfum; B) tvö raðhús, hvort um sig með fjórum smáíbúðum, austan við sundlaugina; C) tjaldstæði með leikvelli og aðstöðuhúsi, norðan heimkeyrslu.

A) Sumarhúsahverfi

Aðeins einn minjastaður er skráður innan lóðar fyrirhugaðra orlofshúsa. Það er síðasta bæjarstæði Illugastaða (SÞ-085:001B). Íbúðarhúsið (asbestklætt timburhús, reist 1933) mun hafa staðið á eða við lóð suðvestasta orlofshússins, og telst minjastaðurinn því í stórhættu vegna framvkæmdanna. Það ber að undirstrika að húsið, eða mögulegar leifar þess, hafa ekki náð 100 ára aldri og eru því ekki lögverndaðar fornleifar. Í ljósi fyrirhugaðra framkvæmda var engu síður talið mikilvægt að skrásetja staðinn. Auk þess er staðurinn innan gamla heimatúnsins á Illugastöðum og ekki óhugsandi að þar hafi staðið önnur mannvirki fyrir 1933.

Nokkrar fornleifar eru í jaðri svæðisins og eru því einnig í hættu vegna framkvæmdanna. Það á sérstaklega við um minjar við syðri mörk orlofshúsabyggðarinnar, bæjarhól (SÞ-085:001) og svæðið umhverfis hann, m.a. öskuhaugur (SÞ-085:009). Á þessu svæði var væntanlega kjarni gamla heimatúnsins á Illugastöðum og mest umsvif. Þótt yfirborð hafi verið sléttað má því búast við því að minjar leynist undir sverði og mikilvægt að mikil aðgát sé höfð við allar framkvæmdir. Mögulegt er að Minjastofnun Íslands fari fram á að fornleifafræðingur vakti jarðrask á þessu svæði. Á svæðinu, en þó fjær fyrirhuguðum lóðum, eru einnig gamli kirkjugarðurinn (SÞ-085:002), tóft+garðlag (SÞ-085:004), hesthús (SÞ-085:007), tóft+garðlag (SÞ-085:010), fjárhústóft (SÞ-085:014), tóft+garðlag (SÞ-085:022) og túngarður (SÞ-085:023).

B) Raðhús/smáíbúðir austan sundlaugar

Engar fornleifar eru skráðar á þessu svæði.

C) Tjaldsvæði norðan heimkeyrslu

Engar fornleifar voru skráðar á fyrirhuguðu tjaldstæði, eða í vegstæði því tengdu. Tvær fornleifar voru þó skráðar í jaðri svæðisins, og því í hættu vegna framkvæmdanna. Annars vegar er áletrun [SÞ-085:024] á sandsteini í brekku ofan fyrirhugaðs tjaldsvæðis. Hins vegar er kolagröf [SÞ-085:025], einnig í brekkunni ofan fyrirhugaðs tjaldsvæðis.

Allar þær fornleifar sem skráðar voru innan deiliskipulagsreits eru taldar í hættu vegna mögulegra framkvæmda í framtíðinni. Það er hins vegar rétt að taka fram að þrátt fyrir að fornleif teljist í hættu er ekki þar með sagt að rask á henni sé óhjákvæmilegt, aðeins að hún sé inni á áhrifasvæði framkvæmda þar sem mikils rasks sé að vænta. Í flestum tilfellum ætti ekki að vera erfitt, í samvinnu við Minjastofnun ríkisins, að tryggja það að framkvæmdir skemmi ekki fornleifar, t.d. með merkingum og því að girða af staði í næsta nágrenni framkvæmda. Þar sem ekki verður hjá raski komist úrskurðar Minjastofnun hvort og með hvaða skilmálum fornleifar megi víkja.

Heimildaskrá

BBSÞ: Helgi Jónasson, Jóhanna Á. Steingrímsdóttir og Erlingur Arnórsson. *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*. [Án útgáfustaðar], 1986.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn I-XV*, Kaupmannahöfn/ Reykjavík,

1857-1972.

JÁM XI: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Þingeyjarsýsla. XI bindi. Kaupmannahöfn, 1943.

LÞ I: Jón Sigurðsson. *Lýsing Þingeyjarsýslu I. Suður Þingeyjarsýsla*. Helgafell, Reykjavík, 1954.

Óútgefnar heimildir

Túnakort Illugastaða frá 1918. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ö-Illugastaðir J.D: Örnefnaskrá Illugastaða. Jón Daníelsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.


Ö-Illugastaðir: Örnefnaskrá Illugastaða. Hallgrímur Sigfússon skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Heimildamenn:

Hákon Hákonarson, f. 1945. Uppalinn á Illugastöðum.

Jón Þórir Óskarsson og Hlíf Guðmundsdóttir, staðarhaldarar á Illugastöðum síðan 1974.

Minjakort deiliskipulagsreits á Illugastöðum



Hnit í landshnitakerfi (ISN93)

Samtala	Longitude	Latitude
SÞ-085:003	554459.21	569533.76
SÞ-085:005	554472.82	569748.35
SÞ-085:006	554508.32	569858.61
SÞ-085:011	554465.32	569600.03
SÞ-085:012	554430.41	569466.9
SÞ-085:013	554526.66	569490.96
SÞ-085:001	554329.82	569665.71
SÞ-085:001B	554263.35	569677.94
SÞ-085:002	554364.34	569625.87
SÞ-085:004	554283.08	569618.57
SÞ-085:007	554247.57	569673.6
SÞ-085:008	554187.81	569787.6
SÞ-085:009	554345.21	569666.11
SÞ-085:010	554323.9	569619.36
SÞ-085:014	554247.18	569616.01
SÞ-085:022	554239.88	569634.35
SÞ-085:024	554364.73	569993.52
SÞ-085:025	554345.6	569974.58